



Fundargerð nr. 14

Íþróttá-æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 11. febrúar 2025
Fundartími: 19:30-22:20
Fundarmenn: Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður
Rúnar Magnússon
Harpa Magnúsdóttir
Hafdís Gígja Björnsdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson fjarverandi

*Halla Kjartansdóttir og Helena Hólm frá öldungaráði sátu undir lið 1.
Örvar Rafn Hlíðdal forstöðumaður félagsmiðstöðvar og formaður stýrihóps
um heilsueflandi samfélag sat undir lið 2.
Sunna Björk Benonysdóttir sat undir lið 4.
Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir úr
ungmennaráði sátu allan fundinn.
Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri sat allan fundinn.*

Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.

1. Rætt um 60 plús.

Skipulag og hvernig gengur. Hvað er í gangi, hvað er á döfinni. Nefndin óskar eftir því fá aðstoð vegna þorablóts hjá kvenfélögunum gegn styrkveitingu til þeirra. Hulda sér um tæknimálin, sýna á annáls video frá nýliðnu þorablóti.

2. Félagsmiðstöð / heilsueflandi samfélag.

Hugmyndir um heilsueflandi samfélag, og hvort breyta eigi því formi sem það er núna, e.t.v. með því að færa það undir Íþróttá, æskulýðs og menningarnefnd, og bæta við einum nefndarmanni. Slík breyting myndi kalla á breytingu á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins ásamt breytingu á erindisbréfi nefndarinnar. Mikið heilsueflandi starf í gangi á vegum skóla, félagsmiðstöðvar, leikskóla, ungmennafélagsins Þjótanda og kvenfélaganna. Verið er að vinna í því að halda opið hús í félagsmiðstöð fyrir miðstig en gert var ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins. Söngvakeppni Félagsmiðstöðvarinnar verður haldin 20. febrúar í fyrsta skipti, mjög spennandi. Opið hús 2 sinnum í mánuði og gengur vel, hjá elsta stigi. Farið er í skíðaferð í samvinnu við skólann á Sauðárkrók og verið í 2 nætur. Hefur verið vel heppnað, og stefnt á að fara í lok febrúar, þrátt fyrir lítinn snjó í kortum.

3. Ungmennaráð félagsstarfið.

Reglulega opin hús hjá ungmennaráði, stundum er dagskrá og stundum ekki. T.d. var haldið



pílumót um daginn. Rætt að efla hugmyndir frá hópnum og skoða hvort hægt sé að vera með meiri fjölbreytni. Leikjakvöld á sumrin. Skoða að halda opið hús að kvöldi Fjör í Flóa.

4. Hugmynda vinna vegna Fjör í Flóa

Fjör í Flóa verður haldið 30.-31. maí 2025.

Sunna Björk Benonýsdóttir kemur inná fund, kynnis fyrir okkur hugmyndir fyrir Fjör í Flóa, frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur.

Höldum svipaðri dagskrá, með göngu á föstudeginum, kvöldvöku eftir hana og svipuð dagskrá á laugardeginum sem hentar öllum aldurshópum. Rætt um að halda opið hús á laugardagskvöldinu fyrir ungmennin.

Verðlaunaafhendingar á Fjöri í Flóa: Ípróttafólk Flóahrepps og menningarstyrkur.

5. Skoða dagsetningu vegna Aðventuhátíðar 2025.

Möguleg dagsetning 4. desember. Rætt um nýjan kynni þar sem Sveinn Orri gefur ekki kost á sér. Sigrún Hrefna athugar með laust hús vegna viðburðar.

6. Heilsuefling Jóga - Tónheilun samstarf.

Rætt um að styrkja það verkefni sem lið í heilsueflandi samfélagi, mjög vel var mætt í þrjú tímabil í janúar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að sveitarfélagið styrki tónheilun og jóga með eftirgjöf á húsaleigu, til að byrja með, til að koma fótum undir verkefnið.

7. Önnur mál

Rætt um Heilsueflandi samfélag og hvað sé hægt að gera til að auka úrval og fjölbreytni.

Stungið er uppá að endurvekja blakæfingar í Þingborg, og hvetur nefndin sveitarstjórn til að skoða hvort hægt sé að koma upp strandblakvelli í sveitarfélaginu.